



2010

Foreldravika í leikskólum - Skýrsla



Kolbrún Vigfúsdóttir

Leikskólasvið Reykjavíkurborgar

Tillögur starfshóps

- Tillögur að foreldra/fjölskylduvikum verði hluti af *Handbók um samstarf heimilis og leikskóla* sem gefin verður út haustið 2010.
- Kannað verði hvaða verkefni eru í gangi eða hafa verið unnin sameiginlega af foreldrum og leikskólum.
- Leitað verði eftir fleiri leikskólum sem vilja fara í tilraunaverkefni um foreldrasamvinnu sem stuðli að því að foreldrar finni sig alltaf velkomna í leikskólann.
- Tilraunaverkefninu í Garðaborg verði fylgt eftir og niðurstöður kynntar fyrir leikskólastjórum.

Tilurð starfshópsins

Starfshópur um foreldraviku í leikskólum var skipaður samkvæmt tillögu framkvæmdastjórnar Leikskólasviðs Reykjavíkurborgar til að framfylgja eftirtöldum tveim skrefum í starfsáætlun Leikskólasviðs 2010:

1. Halda foreldraviku í leikskólum þar sem foreldrar eru þátttakendur í ýmsum verkefnum.
2. Sameiginlegt tilraunaverkefni leikskóla og foreldra þar sem hæfileikar og þekking foreldra nýtast í leikskólastarfi.

Í starfshópnum voru:

Kolbrún Vigfúsdóttir, þróunarfulltrúi á Leikskólasviði, formaður hópsins
Kristín Sæmundsdóttir, verkefnastjóri á Leikskólasviði, starfsmaður hópsins
Dagrún Ársælsdóttir, leikskólastjóri Vinagerði
Sigríður Þórðardóttir, leikskólastjóri í Árborg
Unnur Ösp Guðmundsdóttir, leikskólakennari í Hofi

Starfshópurinn hélt þrjá fundi á tímabilinu janúar til maí 2010.

Hlutverk starfshópsins

Hlutverk starfshópsins samkvæmt erindisbréfi var að setja fram hugmyndir að framkvæmd foreldraviku í leikskólum. Helstu verkefni starfshópsins voru að safna hugmyndum frá leikskólastarfsfólki, börnum og foreldrum um skipulag og efnistöð foreldraviku í leikskólum og setja upp hugmyndabanka á innri vef Leikskólasviðs.

Söfnun upplýsinga

Haldnir voru rýnifundir með foreldrum og starfsmönnum leikskóla með aðstoð Tölfræði- og rannsóknarþjónustu Leik- og Menntasviðs og rætt var við börn í þrem leikskólum. Sex foreldrar, sex starfsmenn og rúmlega tuttugu börn tóku þátt í rýnihópnum.

Helstu niðurstöður úr rýnihóp foreldra

Hvað finnst ykkur um þá hugmynd að fá foreldra til að taka meiri beinan þátt í leikskólastarfi? (t.d. segja sögur, lesa úr eigin bókum, taka þátt í skapandi starfi, vettvangsferðum)

Þátttakendum í rýnihópnum fannst það góð hugmynd að foreldrar tækju meiri beinan þátt í leikskólastarfinu. Þannig gætu þeir fengið betri innsýn í það sem gerist í leikskólanum og fengið tækifæri til að kynnast öðrum börnum í leikskólanum. Foreldrar vilja gjarnan fá að kynnist því sem börnin eru að gera í daglegu stafi leikskólans og sjá hvernig þau haga sér þar. Þátttakendur töldu að æskilegt væri að foreldrar fengju að koma á mismunandi tímum dags inn í leikskólann til að kynnast öllu því sem þar er að gerast.

Hvað finnst ykkur að foreldrar gætu gert með börnunum þegar þeir kæmu inn í leikskólastarfið?

Þátttakendur í rýnihópnum sáu fyrir sér að foreldrar gætu komið í leikskólann og tekið þátt í ýmsu sem þar fer fram, lesið fyrir börnin eða verið með þeim á leiksvæðum, t.d. á kubbvasvæði. Foreldrar eða ættingjar gætu komið í leikskólann og kennt eitt og annað, t.d. að nota ýmiskonar verkfæri, þrjóna, smíða, spila á hljóðfæri o.fl. Foreldrar lögðu áherslu á að þeir vildu gjarnan vera með í því sem starfsmenn eru að gera og nefndu að foreldri sem tekur þátt í starfinu í listaskála þyrfti ekki endilega að vera listamaður, börnin hefðu gaman af að kenna foreldrum eitthvað nýtt.

Hópurinn taldi að menntun og hæfileikar foreldra gætu nýst til að þróa starfið í leikskólanum og nefndu í því sambandi verkefni í samstarfi við foreldra úr röðum myndlistamanna, arkitekta, smíða, slökkviliðsmanna, sálfræðinga o.fl.

Foreldrar gætu verið með einskonar starfakynningu fyrir börnin í samverustund. Læknar, hjúkrunarfræðingar og slökkviliðsmenn gætu t.d. kynnt starf sitt í tengslum við brunaæfingar í leikskólanum. Kynning á mismunandi menntun og störfum gæti verið mikilvæg viðbót við það sem börnin upplifa daglega heima og gæti víkkað sjóndeildarhring þeirra, þar sem fjölskyldur hafa ekki endilega möguleika á kynnast fjölbreyttum störfum.

Hvernig finnst ykkur að fyrirkomulagið ætti að vera? Hverjir ættu að taka ákvörðun um fyrirkomulagið á foreldrasamstarfinu?

Þátttakendur í rýnihópnum töldu að almenn þátttaka foreldra yrði meiri ef leikskólinn setti upp skipulag fyrir þetta nýja form á samstarfi. Hægt væri að byrja með foreldraviku einu sinni á önn til að koma af stað frjálsari samvinnu milli foreldra og leikskóla. Einnig væri hægt að bjóða foreldrum að koma fyrr með barnið í leikskólann eða koma áður en dvalartímanum lýkur og nota þann tíma til að kynnast starfinu á leikskólanum.

Þátttakendur voru sammála um að leikskólinn ætti að sjá um að skipuleggja heimsóknir foreldra í leikskólann í samstarfi við foreldra og foreldrafélag. Fyrirkomulagið þyrfti að kynna vel fyrir börnunum.

Finnst ykkur eitthvað mæla gegn því að foreldrar komi meira inn í leikskólastarfið?

Þátttakendur í rýnihópnum töldu að flestir foreldrar ættu að hafa einhverja möguleika á að koma í leikskólann á vinnutíma en það væri líka mikilvægt að bjóða öðrum fjölskyldumeðlimum að heimsækja leikskólann, t.d. ömmu og afa.

Foreldrar verði að vega og meta það með starfsfólkinu hvað barnið þolir, það sé einstaklingsbundið hvort eitthvað mæli gegn því að foreldrar komi í leikskólann á vinnutíma. Börnin þurfi að venjast því að foreldrar komi í leikskólann á óvenjulegum tíma.

Er eitthvað annað sem þið viljið koma á framfæri varðandi þátttöku foreldra í leikskólastarfi?

Leikskólinn þarf að kynna betur fyrir foreldrum að þeir séu alltaf velkomnir í leikskólann, því þó að foreldrar komi inn í aðlögunarferlinu þegar barnið byrjar í leikskóla þá er það bara í nokkra daga.

Börnin hafa gaman af að sýna foreldrum sínum vinnustaðinn sinn og því er mikilvægt að það sé börnin sem eru að bjóða pabba og mömmu í leikskólann. Bent var á að þegar margir koma á sama tíma í leikskólann, t.d. á *opið hús*, verður mikið kraðak og foreldrar sjá ekki leikskólastarfið eins og það er.

Sú hugmynd kom upp í umræðunum hópsins hvort foreldrar gætu komið inn sem sjálfboðaliðar í veikindum starfsmanna.

Helstu niðurstöður úr rýnihóp starfsmanna

Hvað finnst ykkur um þá hugmynd að fá foreldra til að taka meiri beinan þátt í leikskólastarfi? (t.d. segja sögur, lesa úr eigin bókum, taka þátt í skapandi starfi, vettvangsferðum)

Flestir þátttakendur í rýnihópi starfsmanna töldu jákvætt að foreldrar kæmu meira inn í leikskólann og tækju þátt í starfinu með börnunum. Starfsmennirnir töluðu m.a. um að það væri gaman að hafa foreldra með í vinnunni með börnunum, þannig kynntust foreldrar því sem leikskólinn er að gera og sæju hvernig starfið og skipulagið gengur fyrir sig.

Starfsmenn bentu á að foreldrar sæju aðra hlið á barninu sínu ef þeir fengju að dvelja með því í leikskólanum. Einn þátttakandi í rýnihópnum sem ekki taldi heimsóknir foreldra jákvæðar benti á að það gæti valdið óróa í barnahópnum að fá foreldra inn í leikskólann, börnin gætu átt erfitt með að sjá foreldra sína koma og fara á mismunandi tímum dags og það gæti verið álag fyrir börn og starfsmenn. Einnig gæti verið erfitt að hafa foreldraviku vegna plássleysis.

Nokkrir þátttakendur sögðu frá heimsóknum í leikskóla erlendis þar sem foreldrasamvinna í þessu formi er eðlilegur þáttur í starfinu.

Hvað finnst ykkur að foreldrar gætu gert með börnunum þegar þeir kæmu inn í leikskólastarfið?

Starfsmennirnir sem tóku þátt í rýnihópnum töldu eðlilegt að foreldrar tækju þátt í því sem er að gerast í leikskólanum hverju sinni og fylgdu barninu sínu í því sem það er að gera frekar en að búin væri til sérstök dagskrá.

Foreldraheimsóknir eru nýbreytni í starfi leikskóla og því þarf að afla hugmyndinni fylgis og kveikja áhuga leikskólastarfsfólks. Hugmyndin þarf að vinna sér sess í leikskólanum til að foreldraheimsóknir verði eðlilegur þáttur starfsins í augum barna, foreldra og starfsfólks.

Hvernig finnst ykkur að fyrirkomulagið ætti að vera? Hverjir ættu að taka ákvörðun um fyrirkomulagið á foreldrasamstarfinu?

Þátttakendur í rýnihópnum töldu heppilegast að byrja á því að setja heimsóknir í skipulag en síðan ættu foreldraheimsóknir að verða eðlilegur þáttur í starfinu. Starfsmenn töldu að ekki ætti að að búa til einhverja sérstaka dagskrá fyrir foreldraheimsóknir, heldur ættu foreldrar að koma inn í leikskólann við venjulegar aðstæður og taka þátt í því sem verið er að gera.

Margar leiðir eru til að fá foreldra inn í leikskólann, m.a. að bjóða foreldrum að koma á þeim tímum dags sem þeim hentar, t.d. á morgnana, um eftirmiðdaginn eða bjóða ömmu eða afa að koma í staðinn.

Umræður voru um það í hópnum hvort skipta ætti heimsóknum eftir aldri barna, þ.e. að foreldrar eldri barna kæmu á haust- og vorönn, en foreldrar yngri barnanna á vorönn, þar sem þeir kynnast leikskólastarfinu þann tíma sem þeir eru með börnin í aðlögun.

Starfsfólk í rýnihópnum velti fyrir sér hvort leikskólinn ætti að leggja til ákveðin tímabil fyrir foreldraheimsóknir, t.d. frá október fram í apríl meðan starfið er sem „eðlilegast“ en þátttakendur sögðu jafnframt að það gæti líka verið gaman að hafa foreldra með í vettvangsferðir. Niðurstaðan var sú að það væri eðlilegt að leikskólinn og foreldrar skipulegðu fyrirkomulagið í samráði.

Finnst ykkur eitthvað mæla gegn því að foreldrar komi meira inn í leikskólastarfið?

Einn þátttakandinn í rýnihópi starfsfólks sem ekki var jákvæður gagnvart þessum hugmyndum ítrekaði þá skoðun sína að foreldraheimsóknir væru röskun fyrir börnin. Aðrir bentu á að það ætti ekki við um öll börn. Ef foreldri fylgdi barninu allan daginn þá væri það ekki mikil röskun á eðlilegum degi. Það verður að vera val foreldra hvort þeir vilja koma í leikskólann hálfan eða heilan dag til að taka þátt í starfinu og sjá venjulegt leikskólastarf á mismunandi tímum dags. Allir tímar dagsins í leikskólanum eru jafn merkilegir og það er gott fyrir foreldra að sjá hvernig dagurinn gengur fyrir sig, bæði álagspunktar og rólegri stundir.

Auk þeirra hugmynda sem fram komu um viðveru foreldra í leikskólum var rætt um að æskilegt væri að skipuleggja heimsóknir á vinnustaði foreldra og fá starfakynningar í leikskólann frá foreldrum fyrir eldri börnin. Auðvitað er mismunandi hvað foreldrar vilja og geta boðið upp á, en leikskólinn ætti að nýta það sem foreldrar hafa að bjóða. Það ætti að vera stærri liður í starfi leikskólans að fá fólk með ákveðna kunnáttu inn í leikskólann til að taka þátt eða deila þekkingu og færni sinni með starfsfólki. Það gæti t.d. verið gaman að fá foreldra til að spila og syngja með börnunum og sjálfsgagt að leita eftir hugmyndum frá foreldrum um hvað þeir eru tilbúnir að taka þátt í.

Hópurinn ræddi um hvort hægt væri að fá foreldra af erlendum uppruna til að kynna ýmislegt úr sinni heimamenningu og kenna leikskólastarfsfólki og börnum söngva. Umræða var um þjóðadaga þar sem foreldrar og starfsmenn myndu vinna saman, t.d. gætu börnin sent foreldrum spurningar um það sem þau vilja fá að vita um landið sem fulltrúi kemur frá.

Helstu niðurstöður úr samræðum við börn

Er gaman að fá pabba og mömmu í leikskólann?

Börnin voru öll sammála um að það sé gaman þegar pabbi og mamma koma í heimsókn í leikskólann. Þegar þau koma í leikskólann fá þau kaffi og eiga gjarnan að koma oftar. Þau koma á útskrift og skoða möppur.

Lýsing frá einum hópnum:

Einu sinni bökuðum við piparkökur, nei, þau baka ekki með okkur. Við gerum tilbúið fyrir þau og þegar við erum búin með piparkökurnar þá koma allir, ekki bara mamma og pabbi, sko líka bæði afi og amma líka og stundum frændi og frænka og systir og bróðir.

Ef mamma og pabbi kæmu í leikskólann hvað viljið þið að þau geri með ykkur?

Börnin er sammála um að pabbi og mamma geti gert ýmislegt í leikskólanum með þeim. Hér eru nokkur dæmi um það sem börnin telja að foreldrar þeirra geti tekið þátt í.

- Pabbi gæti kannski farið í fótbolta og mamma fara í mömmó.
- Þau gætu farið út í garð til að leika.
- Ég vildi að pabbi komi, ég fæ aldrei að leika við hann.
- Þau gætu leikið með mér úti, t.d. afi sem er stundum að stríða mér af því honum þykir svo vænt um mig.
- Ég held að ég mundi leika við þau í Star Wars.
- Pabbi kann að lita og teikna, hann gæti komið í listaskólann.
- Pabbi og mamma gætu kubbað, og komið í dýrin, drukkið kaffi og rólað með okkur.
- Pabbi og mamma gætu komið og leikið við okkur allskonar, úti og inni.
- Pabbi og mamma geta hjálpað til í leikskólanum.
- Þau geta lesið og eldað mat.
- Mamma kann ekki að leika, hún gæti kannski rólað.
- Pabbi gæti búið til kastala í sandkassanum.
- Pabbi kann að lita og mála og gæti farið í listakrókinn.

Varðandi þátttöku foreldra í að elda mat voru börnin ekki alveg viss um að það gengi.

- Mamma eldar stundum góðan mat, en ekki lasagna, það er miklu betra í leikskólanum.
- Maturinn væri öðruvísi á bragðið.
- Pabbi getur ekki eldað, hann eldar vondan hafragraut heima.

Nokkrar athugasemdir sem fram komu hjá börnunum:

- Ef foreldrarnir væru einir í leikskólanum þá færum við örugglega ekki út.
- Amma er stundu í mömmó og þá skiptumst við á, en hún getur ekki komið hingað.
- Pabba finnst gaman að mótmæla – það er leikurinn hans.
- Pabbi minn er 32 og kann ekki að leika.
- Pabbi minn teiknar mjög vel en hann gæti ekki komið hingað.
- Pabbi minn er 30 ára og hann kann að leika sér.

- Við mundum kenna foreldrunum að vinna í leikskólanum og þau mundu vilja koma.
- Gaman ef pabbi og mamma væru í leikskólanum og kennararnir heima með okkur.

Samantekt

Foreldrar sem þátt tóku í rýnihópi töldu það góða hugmynd að foreldrar tækju meiri beinan þátt í starfi leikskólans og skoðanir starfsmanna voru samhljóma, utan einn þátttakandi sem ekki taldi slíkar heimsóknir jákvæðar þar sem það gæti virkað truflandi á börnin.

Foreldrar tala mest um að það sé áhugavert að fá innsýn í daglegt starf leikskólans, kynnast því sem börnin eru að gera í leikskólanum og hvernig þau hegða sér þar og þess vegna sé æskilegt fyrir foreldra að fá að koma á mismunandi tímum í leikskólann. Foreldrar nefndu einnig að gaman væri að kynnast félögum barnanna sinna.

Starfsmenn sem litu á þetta sem jákvæða hugmynd töluðu um að gaman væri að fá foreldrana með í starfið á leikskólanum, þannig fái þeir tækifæri til að kynnast betur því sem gerist þar og upplifa það sem börnin þeirra eru að gera yfir daginn. Einnig bentu starfsmenn á að foreldrar sjái oft nýja hlið á barninu sínu ef þeir dvelja með því í leikskólanum á venjulegum degi.

Foreldrar sjá fyrir sér að þeir geti tekið þátt í ýmsu sem fram fer í leikskólanum og hæfileikar þeirra og þekking geti nýst á margan hátt í leikskólustarfinu. Starfsmenn lögðu til að foreldrar kæmu til að taka þátt í því sem er að gerast á leikskólanum hverju sinni.

Foreldrar og starfsmenn eru sammála um að gott væri að byrja á að hafa einhverskonar skipulag á foreldraheimsóknum meðan verið er að gera þennan þátt að föstum lið í starfinu. Foreldra telja að þátttaka verði meiri með því móti en starfsmenn benda á að þó sett sé upp skipulag í kringum heimsóknirnar, þá eigi starfsemi leikskólans að vera óbreytt. Báðir hópar leggja áherslu á að frjáls samvinna milli foreldra og leikskóla eigi að vera hluti af leikskólustarfinu og foreldrar eigi að vera velkomnir í leikskólann á öllum tímum.

Í samræðum við börnin kom fram að þeim finnst gaman að fá pabba og mömmu í leikskólann, en tengja slíkar heimsóknir við foreldrakaffi eða útskrift. Börnin eru sammála um að þau vilji gjarnan fá foreldra sína oftari í leikskólann og vilja fá foreldra sína með í leikinn og starfið í leikskólanum.

Niðurstöður starfshóps

Fram kom í rýnihópum með starfsmönnum og foreldrum að þeir telja það jákvætt að foreldrar komi meira inn í leikskólann til að upplifa eðlilegt leikskólustarf og taka þátt í leik og starfi barnanna. Markmið með góðri foreldrasamvinnu er að foreldrar finni sig alltaf velkomna í leikskólann og þátttaka þeirra í starfi hans sé eðlilegur þáttur í starfinu. Til að ná því markmiði telja foreldrar og starfsmenn þörf á að skipuleggja foreldraviku eða fjölskylduviku einu sinni til tvisvar á ári meðan starfsfólk og foreldrar eru að finna taktinn í þessari samvinnu.

Nefndir voru möguleikar á að fá foreldra til að vera með starfakynningar fyrir elstu börnin og einnig að mikilvægt væri að fá foreldra af erlendum uppruna til að taka þátt í foreldrasamstarfi á þessum nótum.

Í viðtali við börnin kom fram að þau þekkja það að pabbi og mamma komi í foreldrakaffi og opið hús, en vilja gjarnan fá pabba og mömmu í leikskólann til að leika við þau og nefndu að pabbar gætu t.d. farið með þeim í fótbolta og mömmurnar í „mömmó“.

Nú þegar eru í gangi í leikskólunum Sæborg og Reynisholti sameiginleg tilraunaverkefni leikskóla og foreldra sem miða að því að þekking og hæfileikar foreldra komi að notum í leikskólastarfinu. Einnig hefur leikskólinn Garðaborg ákveðið að fara af stað með slíkt tilraunaverkefni á næsta skólaári.